

ugri viðleitni, gegnum stríð, tár, og sjálfsafneitun (ef þörf gjör-  
ist) til að verða æ fullkonnari og betri menn; í því að bæta  
vorn eigin vilja þar til vér viljum aðeins það sem gott er, það er  
að segja, þar til vér hlýðum hiklaust rödd samvitzkunnar í einu  
og öllu. Þá fyrst erum vér sannfrjálsir menn og konur, er vilji  
vor er orðinn svo góður að vér getum hiklaust sagt: „Ekki  
minn vilji, ó Guð! heldur þinn vilji verði.“



**F**RAMFÖR VOR til fullkonnunar verður að vera stig af  
stigi, hún getur ekki verið hvíldarlaust flug. Vér höfum  
altaf eftir einhverju að keppa, og fjarlægðin á milli þess sem  
vér erum og þess sem vér ættum að vera, á milli þess sem vér  
óskum og þess sem vér náum er svo tilfannlega mikil. Yfir  
þessa fjarlægð getum vér komist aðeins með stöðugri, hlífðar-  
lausri áreynzlu, sem með tímanum verður að þolgóðri atorku.  
Vér getum ekki umflúið þessa kröfu til hinna hálf viljalausu  
krafta vorra, og þess vegna verðum vér að vera reiðubúnir ýmist  
til að knýja kraftana áfram eða til að safna nýju hugrekki þegar  
vér ætlum að láta hugfallast.

J. MARTINEAU.



## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIÐ ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.